

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að samstarf skólaþjónustu og Þroska- og hegðunarstöðvar verði formgert til að m.a. stytta biðlista

Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að skóla- og velferðaryfirvöld leiti eftir formlegu samstarfi við Þroska- og hegðunarstöð (PHS) í þeim tilgangi að vinna saman að málum barna þar sem t.d. aðkoma barnalæknis er nauðsynleg. Með samstarfinu er börnum hlíft við lengri bið á biðlista eftir sérfræðiþjónustu. Samstarfið myndi t.d. snúa að málum þar sem skimun hefur leitt í ljós sterkar vísbendingar um ADHD. Í samstarfinu fælist að sálfræðingur skóla og sérfræðingar PHS færu saman yfir málin og afgreiddu þau með viðeigandi hætti. Þessi hópur barna fengi þar með greiningu og viðeigandi meðferðarúrlausn fyrr en ella. Með samstarfi þessara tveggja þjónustustofnana myndu biðlistar stytta og jafnframt stytta bið þeirra barna sem glíma við önnur vandamál en þau sem kalla á aðkomu barnalæknis. Á biðlista eftir fyrstu og frekari þjónustu voru í febrúar sl. 674 börn, 429 biðu eftir fyrstu þjónustu og 245 eftir frekari þjónustu. Mörg þessara barna hafa verið lengi á biðlista eftir fyrstu þjónustu. Þau börn sem þurfa síðan frekari þjónustu eftir að hafa fengið fyrstu þjónustu fara aftur á biðlista. Að lokinni fullri þjónustu hjá sérfræðingum skólaþjónustu er niðurstaðan stundum sú að vísa þarf málum barna til stofnanna á vegum ríkisins þ.m.t. PHS. Þá hefst enn á ný bið á biðlista.

Greinargerð:

Markmiðið með tillögunni um að koma á formlegu samstarfi skólaþjónustu og Þroska- og hegðunarstöðvar (PHS) er að gera þjónustuna skilvirkari, faglegri og umfram allt að stytta bið barna eftir þjónustu bæði hjá skólaþjónustunni og hjá Þroska- og hegðunarstöð. Horft er sérstaklega til barna sem glíma við ADHD en að málum margra þeirra er aðkoma barnalæknis nauðsynleg til að fá endanlegt mat og viðeigandi meðferðarúrlausn. Þessi mál er hægt að afgreiða fljótt og vel í teymi sálfræðinga skólaþjónustu, læknis og sérfræðinga Þroska- og hegðunarstöðvar. Þar með er börnunum forðað frá frekari biðlistum.

Fjöldi mála og biðlistavandinn

Árið 2019 bárust 2162 beiðnir til skólaþjónustu Reykjavíkurborgar vegna 1875 barna. Í árslok hefur þjónusta hafist eða verið lokið í málum 79% barnanna. Til að komast á biðlista þarf að koma tilvísun frá skóla og foreldrum. Rúmlega helmingur beiðna til skólaþjónustu eru öllu jafna vegna einbeitingarerfiðleika, ADHD röskun og fylgikvilla í tengslum við röskunina. Þetta eru mál þar sem aðkoma barnalæknis er oft nauðsynleg. Meirihluti þessara barna bíða eftir þjónustu sálfræðings en einnig er biðlisti eftir þjónustu hegðunarráðgjafa, talmeinafræðingi, félagsráðgjafa, kennsluráðgjafa og sérkennsluráðgjafa. Rúmlega hundrað leikskólabörn bíða eftir þjónustu talmeinafræðings. Miklar áhyggjur eru af börnum sem bíða eftir talmeinafræðingi því fái þau ekki þjónustu fljótt er hætta á að málþroskavandi þeirra fylgi þeim áfram.

Biðlistatölur barna eftir sérfræðiþjónustu skólaþjónustunnar hafa lítið breyst. Samkvæmt vfirliti velferðarráðs um biðlistatölur í byrjun árs bíða 674 eftir þjónustu sérfræðinga skóla, rúmlega 400 börn eftir fyrstu þjónustu og um 250 eftir frekari þjónustu. Hér kemur ekki fram hlutfall þeirra mála þar sem þjónusta hefur hafist en er ekki lokið. Ekki er heldur skilgreint hvað átt er við með „að hefja þjónustu“, hvort þá sé átt við t.d. eitt viðtal eða hvort lagðir hafa einnig verið fyrir barn skimunarlistar. Hvað sem því líður má ætla að einhver íhlutun hafi orðið í málum um 250 barna með þeirri niðurstöðu að þau þurfa á frekari þjónustu að halda og halda því áfram að vera á biðlista. Í mörgum þessara mála er aðkoma barnalæknis nauðsynleg til að barnið geti fengið þá meðferð sem það þarf við röskun/vanda sínum.

Framlagðar tillögur Flokks fólksins í málflokknum

Biðlistavandinn í borginni er mein sem fengið hefur að festa rætur og vinda upp á sig. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur verið með allnokkrar tillögur sem lúta að hvernig bæta megi þjónustuna, gera hana skilvirkari, faglegrri og stytta biðlista. Lagðar hafa verið fram m.a. eftirfarandi tillögur sem öllum hefur verið ýmist vísað frá eða felldar.

1. Að fjölga stöðugildum sálfræðinga
2. Að færa aðsetur sálfræðinga frá þjónustumiðstöðvum inn í skólana
3. Að börn skulu ávallt hafa biðlistalaust aðgengi að skólaþjónustu
4. Að skólasálfræðingar heyri undir skóla- og frístundarráð í stað velferðarráðs

Einnig hafa verið lagðar fram fjöldi fyrirspurna, m.a. um samsetningu biðlista, ástæður tilvísunar og hvað sé verið að gera fyrir börnin og foreldrana á meðan á biðinni stendur. Svörin hafa litlu skilað nema þá helst að staðfesta hversu mikill frumskógur skólaþjónustumál borgarinnar eru.

Ástæður biðlista eru kannski ekki margar. Sú helsta er að sálfræðingar skóla eru of fáir og anna þar af leiðandi ekki verkefnunum. Til að uppræta biðlista eða stytta þá, þarf að fjölga stöðugildum sálfræðinga enda hefur málum einnig fjölgað. Stöðugildum sálfræðinga hefur í mesta lagi fjölgað um eitt síðustu 5 ár.

Stöðugildum talmeinafræðinga hefur fjölgað heldur meira. Talmeinafræðingar sinna málþroskavanda leik- og grunnskólabarna. Mikill skortur er auk þess á úrræðum og almennum bjargráðum fyrir tvítýngd börn í leik- og grunnskólum.

Ef horft er til fjölda stöðugilda t.d. sálfræðinga í skólaþjónustu þá eru þau 23.13, þar af stöðugildi sálfræðinga í grunnskólum 15.60. Fjöldi leikskóla er 79 og grunnskóla 45. Heildarfjöldi barna er rúmlega 21.000. Ef litið er nánar á grunnskólana þá eru 15.6 stöðugildi (um 25 sálfræðingar) á 15.000 börn sem þýðir gróflega að hver sálfræðingur/stöðugildi þjónustar 1000 börn.

Í raun má því segja að það sé útilokað fyrir sálfræðing að sinna þessum fjölda barna svo vel sé, jafnvel þótt megnið af þessum börnum þurfi aldrei á neins konar þjónustu sálfræðinga að halda. Dæmi eru um að einn sálfræðingur sinni þremur skólum. Fyrir þann sálfræðing fer einnig tími í að fara á milli skóla og þjónustumiðstöðvar sem hann hefur aðsetur á. Vikið verður að aðsetri sálfræðinga síðar í greinargerðinni.

Nánar um tillögur Flokks fólksins í borginni í þessum málaflokki

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram í desember sl. breytingatillögu við fjárhagsáætlun um að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs yrðu hækkaðar um 40,5 m.kr. sem fjármagnað verði með tilfærslu af liðnum ófyrirséð. Markmiðið var að ráða tvo sálfræðinga til viðbótar og einn talmeinafræðing til eins árs og með því myndu biðlistar styttest.

Aðrar tillögur Flokks fólksins hafa snúið að valdeflingu skólanna. Hinn 27. júní 2018 lagði borgarfulltrúi Flokks fólksins fram tillögu í Skóla- og frístundarráði um að skólasálfræðingur væri í hverjum skóla í Reykjavík og að skólar fengju fjármagn til að geta ráðið sjálfir til sín skólasálfræðinga og skulu þeir hafa aðsetur í skólunum sjálfum en ekki á þjónustumiðstöðvum og taka jafnframt við verkbeidnum frá nemendaverndarráðum.

Í lögum segir að hver skólasálfræðingur skuli vera í hverjum grunnskóla og að börn skuli hafa aðgang að sérfræðiþjónustu þar á meðal sálfræðiþjónustu. Borgarfulltrúi Flokks fólksins sá fyrir sér að hver skóli fengi nægjanlegt fjármagn til að hafa í það minnsta sálfræðing í 40% starfshlutfalli. Tillögunni var vísað til velferðarráðs og var nefnd í Kynningu velferðarsviðs um tillögur og stöðu skólasálfræðingar á fundi 17. ágúst 2018. Í sömu kynningu kom fram að velferðarráði fannst það fyrirkomulag sem er við lýði núna bara fínt og telja að fáu þurfi að breyta. Segir enn fremur í sömu kynningu:

„Vænlegra til árangurs er að halda áfram á þeirri braut að samþætta þjónustu sálfræðinga annarri þjónustu á vegum þjónustumiðstöðva í hverfum í stað þess að hver skóli ráði til sín sálfræðinga í 40% starfshlutfall.“

Það er mat borgarfulltrúa Flokks fólksins að til að barn geti notið þjónustu sálfræðings sem best þarf sálfræðingurinn að vera í skólanum. Í þessu tilliti er vísað í skýrslu innri endurskoðunar sem kom út í júlí 2019 en þar kom fram ákall skólastjórnenda að sálfræðingar kæmu meira inn í skólana. Skólastjórnendur ítreka það sem borgarfulltrúi Flokks fólksins segir að viðvarandi og stöðug nærvera sálfræðinganna sé mjög af hinu góða og gæti auk þess létt álagi á kennara.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur komið með enn aðra tillögu til að minnka bilið milli barna, foreldra, kennara og skólasálfræðinga. Í byrjun árs 2020 var lagt til að sálfræðingar í skólum yrðu á forræði skóla- og frístundarsviðs í stað þess að heyra undir velferðarráð. Með þessari breytingu taldi borgarfulltrúi auknar líkur á betri og meiri tengingu, skilvirkni og skipulagi enda allt utanumhald þá undir sama þaki ef svo má segja.

Þjónustumiðstöðvar óþarfa millistykki skólasálfræðinga og skóla

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur alltaf sagt að þjónustumiðstöðvar séu óþarfa milliliður í þessu tilliti og hamli aðgengi barnanna að sálfræðingunum. Af hverju eru sálfræðingarnir staðsettir á þjónustumiðstöðvum en ekki í sjálfum skólunum? Rök meirihlutans fyrir þessu fyrirkomulagi eru að aðsetur sálfræðinga verði að vera á þjónustumiðstöð til að þeir geti tekið þátt í þverfaglegri vinnu. Borgarfulltrúi Flokks fólksins telur að vel sé hægt að halda uppi þverfaglegri vinnu sálfræðinga við annað fagfólk á þjónustumiðstöð þótt aðsetur þeirra sé í skólunum.

Flokkur fólksins hefur borið þá tillögu upp munnlega í ræðu að fækka skuli þjónustumiðstöðvum. Nú eftir að Keðjan var stofnsett er ekki séð að hlutverk þjónustumiðstöðva verði hið sama. Vel kann að vera að hlutverk þjónustumiðstöðva þætti nauðsynlegt til að tryggja jafnræði ýmissa verkefna milli hverfa. En milliganga þeirra milli skóla og skólasálfræðinga hefur ekki verið til þess fallið að stytta biðlista, nema síður sé. Með tilkomu Keðjunnar er einmitt lag til að fækka þjónustumiðstöðvum, leggja einhverjar niður eða sameina. Þjónustumiðstöðvar eru orðnar barn síns tíma og með fækkun þeirra er hægt að hagræða og spara.

Veita snemmtæka íhlutun á kostnað greininga

Borgarfulltrúa Flokks fólksins hefur oft þótt sem meirihlutinn telji að með því að veita snemmtæka íhlutun sé ekki lengur þörf á „greiningum“ sálfræðinga og þar með sé hægt að spara mikið fé. Vert er að staldra aðeins við hér og skoða hvað felst í „snemmtækri íhlutun“.

Snemmtæk íhlutun felur í sér að byrjað er að vinna strax með börnum sem sýnast ekki fylgja jafnöldrum sínum í þroska. Þeim er strax veittur markviss stuðningur í stað þess að bíða t.d. eftir niðurstöðum greininga eða bara bíða og sjá til hvort vandinn hverfi með aldri og þroska.

Ef rætt er við foreldra, kennara og fagfólk um snemmtæka íhlutun og hvað í henni felst kemur í ljós að það leggja ekki allir sama skilning í snemmtæka íhlutun. Fyrir marga þýðir snemmtæk íhlutun einmitt að leggja strax fyrir barnið greiningargögn, skimunarlista og kvarða, gera eins konar „mini“ greiningu sem leiðir síðan í ljós hverjar þarfir barnsins eru og hvort frekari greiningar er þörf eða hvort beita þurfi annars konar úrræðum. Snemmtæk íhlutun er fyrir öðrum að veita barni meiri athygli, fylgjast með því, létta á heimanámi, aðlaga námsefni, bjóða því að vinna í smærri hópum, fara í hvíld, notkun umbunarkerfis o.s.frv.

Það er mat fjölmargra sálfræðinga að til þess að mögulegt sé að veita markvissa snemmtæka íhlutun þá þarf oft að greina vandann fyrst með víðeigandi prófunum og mælitækjum. Algengast er að lögð sé áhersla á einhverjar aðlögunaraðgerðir samhliða greiningu. Hvað sem öllu þessu líður er aðalmálið vissulega að bíða bara ekki eftir niðurstöðum greiningar og vera stikkfrí á meðan eða bíða kannski of lengi til að sjá hvort vandinn hverfi ekki með frekari þroska.

Það er mat borgarfulltrúa að séu upplýsingar frá foreldrum, leikskóla og heilsugæslu um að barn glími við vanda af einhverju tagi þurfi að hefja bæði almenna snemmtæka íhlutun og sértækan stuðning strax og barnið byrjar í skóla. Sértækur stuðningur er aðeins sértækur sé hann byggður á viðurkenndum mælingartækjum s.s. HLJÓM-2, EFI-2, Íslenska mállhljóðamælinum AEPS-lista, ASEBA listar, AAL-listinn, Íslenski þroskalistinn, ADHD skimunargögnum og vðurkenndu vitsmunapróskaþrófi.

Til að draga saman þennan þátt er óhætt að fullyrða að í hugum foreldra, kennara og fagfólks er ólíkur skilningur lagður í hvað felst í þegar sagt er „snemmtæk íhlutun“ þótt allir hafa þann skilning að verið sé að vísa til nauðsynjar þess að grípa strax inn í. Í snemmtækri íhlutun felst allt mögulegt allt frá litlu inngrípi og aðlögun fyrir barnið yfir í nokkuð ítarlega skimun/greiningu með tilheyrandi mælitækjum. Langoftast er um blöndu af hvoru tveggja að ræða.

Ef lögð er svona rík áhersla á snemmtæka íhlutun í skólum borgarinnar af hverju er þá þessi langi biðlisti?

Í öllu þessu tali um að nú sé veitt snemmtæk íhlutun má aftur minna á að á sjöunda hundrað barna eru á biðlista eftir sérfræðipjónustu skóla, langflestir eftir sálfræðingi. Á þriðja hundrað barna hafa fengið íhlutun og bíða eftir enn frekari íhlutun.

Þetta skýtur skökku við og er vert að spyrja hvað sé ekki að virka hér? Borgarfulltrúi Flokks fólksins veltir því fyrir sér hvort ástæðan fyrir þessu sé að sú snemmtæka íhlutun sem verið er að reyna dugi einfaldlega ekki til, hún sé kannski ekki nógu markviss. Ástæðan fyrir því að hin snemmtæka íhlutun er kannski ekki nógu markviss gæti verið að ekki liggi fyrir upplýsingar um hver undirliggjandi vandi barnsins er. Þær aðgerðir sem gripið er því til ná ekki að leysa vandamálið og þess vegna er biðlistinn svo langur sem raun ber vitni, bæði eftir fyrstu þjónustu og frekari þjónustu. Hamast er e.t.v. við að veita snemmtæka íhlutun en seint eða aldrei kannað með viðurkenndum aðferðum hvað það er sem hrjáir barnið.

Dæmi eru um að börn útskrifist úr grunnskóla í mikilli vanlíðan eftir að hafa barist í bökkum námslega- og félagslega og án þess að vita hverjar séu grunnorsakirnar. Þessi börnum var mjög líklega veitt „snemmtæk íhlutun“ á sínum tíma. Þegar ljóst var að það dugði ekki fóru þau á biðlista og svo enn annan biðlista og útskrifuðust svo án þess að náðist að veita þeim fulla greiningaþjónustu. Önnur fóru kannski aldrei á neinn biðlista heldur týndust bara. Þeir foreldrar sem hafa efni á fara með börn sín í athugun á stofu út í bæ gera það vissulega frekar en að láta börn sína dúsa á biðlista mánuðum eða árum saman.

Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að snemmtæk íhlutun í hvaða útgáfu sem er á aldrei að vera hugsuð sem leið til að draga úr þjónustu við börn eða útiloka annað úrræði. Að grípa inn í með viðeigandi aðgerðum sýni barn merki um vanlíðan og vanda er sjálfsagt og eðlilegt en á ekki að koma í staðinn fyrir neitt annað eða breyta neinu um það hvort barn kunni að þurfa greiningu eða ekki. Milli þessara tveggja póla er ekki endilega línulegt sambengi.

Staðreyndin er sú að vandi sumra barna verður ekki ljós nema að þaulkanna með viðhlítandi kvörðum, prófunum og viðtölum. Sem dæmi, þá er illmögulegt að greina slakt vinnsluminni nema með viðeigandi vitsmunapróskaþrófi. Fyrirlögn þess og fleiri sambærilegra prófa/kvarða tekur vissulega tíma og kostar pening.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur bent á bæði með tillögu og í bókunum að öll börn fara í skimun um fjögurra ára aldur hjá heilsugæslunni. Þar koma fram fyrstu vísbendingar hvort barn kunni að glíma við vanda á sviði vitsmunapróska og hegðunar. Því miður hefur skóla- og velferðaryfirvöld ekki borið gæfa til að kalla kerfisbundið eftir þessum upplýsingum, með samþykki foreldra að sjálfsögðu. Slíkt samstarf hefur heldur ekki verið formgert og er nú bara hipsum haps. Það myndi breyta miklu ef næðist að koma á formlegu samstarfi og tengingu milli skóla og heilsugæslu um að upplýsingar úr fjögurra ára skimun berist skóla tímanleg svo hægt sé að undirbúa snemmtæka íhlutun strax og barn hefur skólagöngu. Með formlegu samstarfi

sem þessu og því sem sú tillaga felur í sér sem nú er lögð fram er verið að leggja grunn að faglegu og skilvirkri samvinnu sem fjöldi barna mun njóta góðs af.

Afleiðingar Börnin sem þola ekki bið

Börn sem fá ekki aðstoð með vandamál þróa oft með sér djúpan sálrænan vanda. Fáir barn ekki aðstoð er einfaldlega mjög líklegt að vandinn vaxi og verði jafnvel óviðráðanlegur þegar kemur að unglingsárum. Vissulega er reynt að forgangsraða og þau mál sem ekki þola bið eru tekin frammar á biðlistann. En hvernig mál eru það sem ekki þola bið? Óhætt er að segja að ef mál barns er metið þannig að það þoli ekki bið er sannarlega alvara á ferð. Hér er jafnvel um að ræða unglinga sem komnir eru með sjálfsvígshugsanir, viðhafa sjálfsskaða og eru jafnvel byrjaðir í einhverri neyslu. Fullvíst er að sá vandi hefur einhvern aðdraganda og jafnvel langan aðdraganda. Mál barns verður ekki alvarlegt á einum degi heldur er vandinn jafnvel búinn að krauma mánuðum saman. Börn sem hafa aldrei fengið greiningu á vanda sínum hafa jafnvel frá upphafi skólagöngu liðið sálarkvalir. Þetta eru oft börnin sem láta lítið fara fyrir sér, eru e.t.v. með mikinn athyglisbrest, feimin, óörugg og hægt og sígandi hefur sjálfsmatið laskast og sjálfsöryggið horfið. Þetta eru stundum börnin sem lögð hafa verið í einelti sem ýmist hefur farið dult eða ekki náðst að taka á.

Sú stefna að víkja frá greiningum og telja að einhver útfærsla af snemmtækri íhlutun komi þar í staðinn lýsir vanþekkingu borgaryfirvalda á málaflökknum. Sífellt er verið að bera íslensk börn saman við börn í nágrannalöndum. Þar eru ekki svona margar greiningar segja yfirvöld. En munurinn er sá að í þeim löndum sýna kannanir einnig að börnum líður mun betur en á Íslandi. Vanlíðan barna á Íslandi og þróun í þeim efnun má sjá m.a. í niðurstöðum PISA, skýrslum landlækniseimbættisins og fleiri rannsóknunum. Skóla- og velferðaryfirvöld bera íslensk börn saman við börn nágrannalanda okkar þegar hentar t.d. þegar þarf að rökstyðja að ekki þurfi að láta meira fé í málaflökkinn. Miklu fé er varið í sérkennsluna en hún hefur hins vegar aldrei verið árangursmæld.

Þola einhver börn bið?

Það er sérstakt þegar talað er um að barn sem er að óska eftir sálfræðiaðstoð þoli bið. Skyldi einhver hugsa um hvað gerist hjá barninu á meðan það bíður. Mál sem þola bið þurfa iðulega að bíða lengi. Í svari frá velferðarsviði segir að lang flest mál hafni í 3. flokki en það er flokkur mála sem þolir „bið“ samkvæmt flokkunarmati skólaþjónustu. Þegar barn hefur beðið lengi eftir þjónustu hefur vandi þess oft undið upp á sig og getur á einni svipstundu orðið bráður vandi sem ekki hefði orðið hefði barnið fengið fullnægjandi aðstoð á fyrri stigum. Ekki er hjá því lítið að af einhverjum orsökum hefur fjölgun beiðna til skólaþjónustu aukist. Fjölgun hefur aukist um 23% á milli ára og fjölgun kemur ekki til af engu. Þetta er mikið áhyggjuefni og er það á ábyrgð skóla- og frístundaráðs og velferðarsviðs að komast að hverju það sætir. Þessari fjölgun þarf að mæta, með öðru en að láta börn dúsa á biðlista.

Hvað vill meirihlutinn í þessum málum?

Eftir því sem fram kemur í kynningu sem haldin var á velferðarsviði 2018 þá þarf að auka stöðugildi sálfræðinga um 2.4 til að tryggja öllum grunnskólum borgarinnar 0.4 stöðugildi sálfræðinga í hvern skóla (hlutfall stg. á skóla eftir hverfum á bilinu 0.22 –0.72). Þar með er það viðurkennt af velferðaryfirvöldum að fjölga þarf stöðugildum. Engu að síður er ekki að sjá að neitt slíkt sé í farvatninu. Meirihlutinn talar um í sömu kynningu að þjónusta sé samfelld, heildstæð og óháð staðsetningu, hvort sem er í leikskóla, grunnskóla eða frístundastarfi. Í dag er þjónustan því miður ekkert af þessu og vel má opna fyrir þá umræðu að sennilega er skóla- og frístundaráð ekki að framfylgja lögum um grunnskóla 91/2008, reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum 584/2010 og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Sú tillaga sem hér er lögð fram hefur fengið skoðun margra, bæði sálfræðinga og læknis. Þess er vænst að borgarstjórn víki frá tilhneigingu sinni að fella eða vísa málum eins og þessum frá

með kerfisbundnum hætti þótt ekki væri nema vegna barnanna í borginni sem vermt hafa biðlista jafnvel megnið af ævi sinni.